

---

## Lagning jarðstrengs um Hamarsleirur, Múlaþingi

### Ákvörðun um matsskyldu

---

#### 1 Inngangur

Þann 10. maí 2022 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá RARIK um strenglagningu um Hamarsleirur í Múlaþingi, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.16 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Múlaþings, Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Hafrannsóknastofnunar. Framkvæmdaraðili hafði áður fengið umsagnir Minjastofnunar Íslands dags. 29. apríl 2022 og Fiskistofu dags. 25. mars 2022 sem bárust með tilkynningunni.

#### 2 Gögn lögð fram


Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Strenglagning um Hamarsleirur – Tilkynning til Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum. Maí 2022.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá Múlaþingi 24. júní 2022, Umhverfisstofnun 20. júní 2022, Náttúrufræðistofnun Íslands 22. júní 2022 og Hafrannsóknastofnun 22. júní 2022.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 27. júní 2021.

#### 3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í lagningu 24 kV jarðstrengs frá spennistöð á Djúpavogi inn Hamarsfjörð að bænum Bragðavöllum, alls 12,5 km leið. Strengurinn mun koma í stað hluta af Þvottárlínu, 11 kV loftlínu frá 1973 sem verður rifin niður milli Djúpavogs og Bragðavalla. Gert er ráð fyrir að strengurinn verði plægður niður og fylgi þjóðvegi að mestu leyti inn að Henglavíkum, þar sem hann fer yfir Hamarsleirur, nokkurn veginn í beinni línu að bæjarstæðinu á Hamri. Þaðan mun strengurinn fara til suðurs, þvera Hamarsá á brú að Bragðavöllum. Jarðstrengurinn er um 5 cm að þvermáli og plægður niður á um 1,2-1,5 metra dýpi yfir leirurnar og fylgir þar að mestu ljósleiðarastreng sem lagður var árið 2020. Hvorki er þörf á vegagerð né efnistöku við fyrirhugaða strenglöggn. Áætlað er að hefja framkvæmdir í lok júlí og mun lagning strengsins yfir leirurnar taka einn dag. Markmið framkvæmdarinnar er að auka afhendingaröryggi raforku.



Mynd 1: Kort af strenglöginni (tekið úr greinargerð RARIK)

## 4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum RARIK og umsögnum umsagnaraðila.

### Áhrif á vistgerðir og dýralíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila eru taldar upp allar þær vistgerðir sem strengurinn mun koma til með að þvera skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands en þar er helst að nefna að á hluta lagningarinnar um Hamarsfjörð eru skeraleirur sem hafa mjög hátt verndargildi. Fram kemur að strengurinn verði lagður í brú yfir Hamarsá og að framkvæmdin muni því ekki hafa áhrif á lífríki eða fiskistofna í ánni. Einnig kemur fram að í Hamarsfirði sé fuglalíf talsvert og tegundafjölbreytni nokkur en framkvæmdin komi ekki til með að hafa áhrif á mikilvæg fuglasvæði. Auk þess kemur fram að hluti framkvæmdasvæðisins sé hreindýrasvæði en að framkvæmdaraðili telji að framkvæmdin komi ekki til með að hafa áhrif á dýralíf fyrir utan tímabundin áhrif á meðan framkvæmdum stendur.

Í umsögn Múlaþings kemur fram að ekki hafi verið fjallað um hver hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar verði á gróðurfar og vistkerfi og að ekki sé fjallað sérstaklega um mótvægisáðgerðir og vöktun vegna mögulegra áhrifa á tiltekna umhverfisþætti.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að það hefði mátt athuga hvort lífríki leirunnar hafi jafnað sig eftir lagningu ljósleiðarastrengjar á sama svæði og mælst til þess að framkvæmdaraðili fylgist með því hvernig leirunum reiði af eftir framkvæmdirnar. Stofnunin mælir með því að sneitt sé framhjá leirum í lengstu lög og að strengurinn verði lagður annars staðar, forðast skuli röskun á leirum sem þessum ef þess sé kostur. Stofnunin telji þó að mögulega verði umhverfisáhrifin staðbundin og afturkræf ef vel verði að verki staðið en brýnir fyrir framkvæmdaraðila að það verði forgangsatríði að rask verði í algeru lágmarki. Einnig að gætt verði að því að engin skaðleg efni eins og olíur leki frá þeim tækjabúnaði sem notaður verði til verksins.



Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að þar sem leirurnar njóti sérstakrar verndar þurfi að rökstyðja vandlega þörfina á að leggja strenginn um leirurnar með tilheyrandi raski og bera saman við aðra kosti. Stofnunin telji þó að rask sem fylgi framkvæmdinni sé ekki umtalsvert þó um viðkvæmt svæði sé að ræða. Rask sem verði á framkvæmdatíma ætti að verða að mestu afturkræft en mikilvægt sé að framkvæmdaraðili lágmarki umferð utan línuleiðar til að lágmarka slíkt rask. Mikilvægt sé að engin breyting verði á halla lands eftir lagningu strengsins þar sem leirusvæði séu í eðli sínu mjög flatlend og því geti staðbundnar breytingar í landslagi haft áhrif á vatnsskipti og far tegunda og þannig valdið eðlisbreytingum á svæðinu.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að að rétt sé að velja valkost sem liggja um leirurnar í stað þess að ráðast í aðgerðir sem geti haft mikið jarðarask í för með sér. Reynsla hafi sýnt að við framkvæmdir af þessu tagi hafi plógfur horfið á nokkuð skömmum tíma og að þar sem sjávarfalla gæti muni plógfarið að öllum líkindum hverfa mun fyrr. Þessi leið sé valin í stað þess að fara í gegnum klettabelti þar sem nauðsynlegt væri að fleyga og sprengja til að koma strengnum niður. Umhverfisstofnun bendir einnig á að ljósleiðari hafi verið plægður á sama stað árið 2020 og að stofnuninni sé ekki kunnugt um að ummerki um þá plægingu sé áberandi í dag.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ástæða þess að farið sé um leirurnar, í stað þess að fara landleið liggja í áhrifum slíkrar vinnu á umhverfið sem sé mjög grýtt inn með Hamarsfirði og reynsla hafi sýnt að ummerki um lagningu fjarskipta- og rafmagnsstrengja í leirum séu lítil sem engin. Mat framkvæmdaraðili sé að framkvæmdirnar muni hafa óveruleg neikvæð áhrif á landslag, jarðmyndanir og gróðurfar til lengri tíma lítið og ekki teljandi áhrif á fugla og vistkerfi.

#### **Áhrif á menningarminjar**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fornleifar hafi verið skráðar vegna ljósleiðaralagnar í Hamarsfirði árið 2019 og kom þar fram að engar fornminjar á þessari leið hafi verið í hæsta minja- og varðveisluflokk. Fram kemur að ein fornleif, Þjóðleið sé nálægt lagnaleið en strengurinn fari aldrei nær minjum en 40 metra og telur framkvæmdaraðila að lítil hætta stafi af framkvæmdum en til að tryggja að minjarnar verði ekki fyrir raski verði þær vel merktar fyrir framkvæmdirnar.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að merkja þurfi þær minjar sem skráðar séu á svæðinu með áberandi hætti á vettvangi á meðan á framkvæmdum standi og verktökum gert viðvart um þær. Mikilvægt sé að fara með aðgát meðan á framkvæmdum standi og reynt sé að halda jarðraski í lágmarki á svæðinu.

Í umsögn Múlaþings er áréttað mikilvægi þess að farið verði að ummælum Minjastofnunar Íslands sem kveðið sé á um í umsögn stofnunarinnar og tekur framkvæmdaraðili undir það.

## **5 Skipulag og leyfi**

Fyrirhuguð framkvæmd er háð framkvæmdaleyfi Múlaþings skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.

## **6 Niðurstaða**

Um er að ræða lagningu rafstrengs um 12,5 km leið og að hluta til um Hamarsleirur eða á um 1,5 km kafla. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.16 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.



### **Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa hennar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar og mengun sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Þá ber að líta til álagsþols náttúrunnar, svo sem með tilliti til kjörlendis dýra sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Taka skal mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmda með tilliti til: umfangs, hverjar líkur séu á áhrifum, afturkræfni þeirra og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Framkvæmdir við plægingu jarðstrengsins munu raska leirum sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd en framkvæmdin er hins vegar ekki mikil að umfangi. Skv. umsögn Umhverfisstofnunar hefur reynsla sýnt að plógfar hverfi á nokkuð skömmum tíma, sérstaklega þar sem sjávarfalla gætir og fyrir liggur, skv. gögnum Rarik, að nýlega hefur verið plægður niður ljósleiðarasæstrengur á sömu slóðum um leirurnar og eru ummerki um þá plægingu nánast engin. Ekki eru því líkur á breytingum á leirusvæðinu nema tímabundið og yfirbragð þeirra ætti að færast í fyrra horf á tiltölulega skömmum tíma. Áhrif á lífríki leiranna, þ.m.t. fugla munu verða tímabundið neikvæð en áætlað að þverun Hamarsleira með jarðstreng verði unnin á einum degi. Í ljósi þessa tekur Skipulagsstofnun undir með Umhverfisstofnun að rétt sé að velja valkost sem liggir um leirurnar í stað þess að ráðast í framkvæmdir við lagningu jarðstrengsins á svæðinu inn með Hamarsfirði að norðan sem kann að hafa mikið jarðarask í för með sér. Skipulagsstofnun tekur einnig undir með Hafrannsóknastofnun og Náttúrufræðistofnun að varast að breyta halla lands á leirunum við framkvæmdir og að það verði forgangsatríði að raski verði haldið í algeru lágmarki og gætt verði að því að engin skaðleg efni eins og olíur leki frá þeim tækjabúnaði sem notaður verði til verksins.

Í ljósi þess sem rakið er hér að framan verða áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á leirunum á ásýnd þeirra, vistgerðir og dýralíf ekki veruleg. Skipulagsstofnun telur að ef farið verði eftir ummælum Minjastofnunar Íslands og minjar vel merktar líkt og kemur fram í greinargerð ættu áhrif á menningarmínjar að verða óveruleg.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 8. ágúst 2022.

Reykjavík, 7. júlí 2022

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson